

Gæðastefna VIRK

Tilgangur:

Tilgangur gæðastefnu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs er að tryggja að þjónusta við einstaklinga sem sækja um starfsendurhæfingu sé örugg, fagleg, árangursrík og í samræmi við þær lagalegu og faglegu kröfur sem gerðar eru til starfssemi sjóðsins.

Markmið:

- Starfsemi VIRK skal efla starfsgetu einstaklinga með faglegri starfsendurhæfingarþjónustu samanber hlutverk og framtíðarsýn VIRK.
- Starfsemi VIRK skal uppfylla:
 - ákvæði skipulagsskrár VIRK
 - þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar
 - Stefnumótun stjórnar VIRK á hverjum tíma
- Starfsemi VIRK, þ.m.t. gæðakerfi og stjórnun skal uppfylla kröfulýsingu Velferðarráðuneytisins um starfsemi starfsendurhæfingarsjóða við undirritun samnings milli Velferðarráðuneytisins og VIRK.
- *Starfsemi VIRK skal uppfylla alþjóðlegar gæðakröfur byggðar á staðlinum ISO 9001 Gæðastjórnunarkerfi – kröfur*
- Starfsemi VIRK skal einnig taka mið af alþjóðlegum upplýsingaöryggiskröfum byggðum á ISO/IEC 27001 Upplýsingatækni- Öryggistækni- Stjórnkerfi upplýsingaöryggis.
- Markvisst skal viðhalda og bæta stefnur og verkferla sjóðsins með reglubundinni endurskoðun, eftirfylgni ábendinga, innri úttektum, úttektum á verklagi við ráðgjöf, rýni, matsgerð, úttektum hjá samningsbundnum úrræðaaðilum og við þekkingaröflun á gagnreyndum aðferðum við starfsendurhæfingu.

Ábyrgð:

- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á gæðastefnu VIRK.
- Sviðsstjórar starfsendurhæfingar bera ábyrgð á faglegum kröfum starfsendurhæfingar.
- Gæðastjóri ber ábyrgð á innleiðingu gæðastefnunnar.
- Starfsmönnum, ráðgjöfum VIRK og samningsbundnum sérfræðingum VIRK ber að fylgja gæðastefnunni.
- Stjórn VIRK samþykkir gæðastefnu VIRK.

Stefnan gildir frá 16. september 2016